

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 72/2019

frá 29. mars 2019

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2017/1369 fellir úr gildi tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/30/ESB sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 4. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB) í IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„**32017 R 1369**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).“

2. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta 11. liðar (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB) í IV. viðauka við EES-samninginn:

„**32017 R 1369**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).⁽¹⁾“

(1) Einungis sett fram til upplýsingar. Hvað beitingu varðar er vísað til II. viðauka, Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun.“

(1) Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2017/1369, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. mars 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. mars 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.